

**Nd.**

**12. Frumvarp til laga**

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

**1. gr.**

**3. mgr. orðist svo:**

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal leita samvinnu við Framleiðslueftirlit sjávarafurða við námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

**2. gr.**

**3. mgr. 10. gr. orðist svo:**

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

**3. gr.**

**2. tl. 1. mgr. 7. gr. hljóði svo:**

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, einn úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Jafnframt frumvarpi þessu um breyting á lögum nr. 55/1971 um Fiskvinnsluskólann er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Meginmarkmiðið með flutningi frumvarpa þessara, ef að lögum verða, er að taka af tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófum loknum. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert námskeiðahald fyrir matsmenn, svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvarp þetta verði að lögum, er æskilegt að það nái fram að ganga það timanlega, að hægt verði að halda hin verklegu próf, sem um er fjallað í 2. gr., í lok yfirstandandi skólaárs, enda nái frumvarpið um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða jafnframt fram að ganga, en málefni þau, sem frumvörpin fjalla um, eru nátengd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru í 3. gr. ákvæði um skyldur Fiskvinnsluskólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71/1973 um mat á saltfiski til útflutnings segir, að Fiskmat ríkisins, sem Framleiðslueftirlit sjávarafurða leysti af hólmi, skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn, en í lögnum um framleiðslueftirlitið er ekkert beint ákvæði um að það skuli standa fyrir slíku námskeiðahaldi. Í 3. mgr. 3. gr. laganna segir að Framleiðslueftirlitið skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Á grundvelli þessa ákvæðis og fyrrgreinds reglugerðarákvæðis hefir Framleiðslueftirlitið síðan haldið allmörg námskeið fyrir menn til að öðlast þekkingu til að starfa að fiskmati. Ekki virðist vera ástæða til að þessar stofnanir háðar séu að sinna þessu verkefni og ekki orkar tvímælis um skyldu Fiskvinnsluskólans til að sinna þessu verkefni og virðist það vel komið í hans höndum. Hins vegar virðist eðlilegt að skólinn leiti samvinnu við Framleiðslueftirlitið við þetta námskeiðahald og er það helsta nýmæli þessarar gr. Er þá jafnframt gengið út frá, að Framleiðslueftirlitið hætti námskeiðahaldi og spari þar með fé og fyrirhöfn.

Um 2. gr.

Með þessari gr. er ákveðið, að lokaprófi fiskiðnaðarmanna skuli ljúka með verklegu prófi. Sett verði með reglugerð ákvæði um efni prófsins og framkvæmd. Það hefir verið kannað, að hægt er að koma saman efni í slíkt próf, en ekki virðist vera ástæða til að setja í lög ákvæði um efni og framkvæmd prófa þessara, en eðlilegt að þau séu sett með reglugerð, sem kunnáttumenn semji. Markmið með ákvæðum þessara ákvæða er að búa svo um hnútana, að hægt sé að tryggja rétt fiskiðnaðarmanna til að öðlast matsréttindi innan tiltekins tíma, en á því hefir verið misbrestur fram að þessu, einkum varðandi saltfisk, skreið og saltsíld. Slík óvissa er óviðunandi fyrir fiskiðnaðarmenn og mun vera óþekkt um menn, sem lokið hafa prófum frá sérskóla.

Um 3. gr.

1. gr. laga nr. 57/1974, um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, fjallar um skólanefnd og skipan hennar. Skólanefndarmenn eru fimm og á Fiskimálaráð að tilnefna einn þeirra. Með lögum nr. 11 3. maí 1978 var Fiskimálaráð lagt niður. Hér er lagt til að Fiskifélag Íslands sem hagsmunaaðili fiskiðnaðarins tilnefni mann í skólanefnd í stað Fiskimálaráðs. Þá er einnig lagt til, að reglulegir nemendur skólans tilnefni einn nefndarmann í stað tveggja áður, og nýlega stofnsett fagfélag fiskiðnaðarins, Fiskiðn, tilnefni einn nefndarmanna.“